

**ÁRSFUNDUR LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF. HALDINN FIMMTUDAGINN  
25. JÚNÍ 2020 KL. 17:15 Í HÚSAKYNNUM ARION BANKA, BORGARTÚNI 19.**

Jóhannes Ingvarsson stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Sigurður Kristjánsson yrði kosinn fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Sigurður tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmaðan og til þess bæran að afgreiða dagskrárefni. En til fundarins var boðað með auglýsingu í dagblaði þann 11. júní og samhliða því var fundurinn auglýstur á heimasiðu sjóðsins og fundargögn birt, þá var bréf sent til sjóðfélaga þann 15. júní.

Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir:

**1. Skýrsla stjórnar**

**Jóhannes Ingvarsson** stjórnarformaður LSBÍ flutti skýrslu stjórnar og sagði að árið árið 2019 hafi verið á heildina litið afar farsælt ár fyrir sjóðinn.

Á heildina litið skiliðu allir helstu eignaflokkar góðri ávöxtun. Úrvalsvíitala íslenskra hlutabréfa hækkaði um 31,4% sem verður að teljast nokkuð brött hækjun en hafa verður í huga að hækjunina má að miklu leiti skýra með gengisprónum Marel sem vigtar um helming af vísitölunni. Innlendur skuldabréfamarkaður skilaði einnig mjög góðri ávöxtun á árinu sem rekja má til lækkandi raunvaxtastigs og minnkun verðbólgulags. Ávöxtun verðtryggðra ríkisskuldabréfa var á bilinu 5,3% til 23,0% og ávöxtun verðtryggðra bréfa var á bilinu 3,7% til 8.9%.

Erlend hlutabréf voru hins vegar sá eignaflokkur sem skilaði mestri hækjun á árinu. Þrátt fyrir stormasamt ár í alþjóðlegum stjórnámum, viðskiptastríð og óvissu innan Evrópusambandsins hækkaði heimsvíitala hlutabréfa um 25,2% mælt í Bandaríkjadal eða alls 30,2% í íslenskum krónum vegna veikingar hennar á móti helstu viðskiptamyntum.

Þetta góða ár á mörkuðum skilar sjóðnum afar hagfelldu uppgjöri í lok árs og hreinnar raunávöxtun upp á 8,43%.

Ávöxtun sjóðsins síðustu fimm og tíu ár er með ágætum. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðast liðin 5 ár er 6,83% og ef litið er til síðustu 10 ára þá er meðaltal hreinnar raunávöxtunar 6,65%. Þetta er vel yfir 3,5% mörkunum sem lífeyrissjóðir miða alla jafna við í tryggingafræðilegu uppgjöri. Það eru hins vegar



blikur á lofti og ljóst að í því lágvaxtaumhverfi sem við búum nú við mun það reynast öllum lífeyrissjóðum erfitt að ná því ávöxtunarmarkmiði til framtíðar.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur verið með eindæmum góð undanfarin ár líkt og sjóðfélagar þekkja. Á ársfundi 2016 var tryggingafræðileg staða sjóðsins 17,6% og voru áunnin réttindi sjóðfélaga aukin um 10% í kjölfarið. Árið 2015 voru réttindi aukin um 2% til viðbótar við 14% aukningu árið 2012. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er nú er rétt tæp 10% sem er hæsta jákvæða staða lífeyrissjóðs í landinu og það í kjölfar mikilla aukninga réttinda síðast liðin ár. Engin sjóður státar af annarri eins sögu tryggingafræðilegrar stöðu og aukningu réttinda líkt og við höfum átt að venjast síðast liðin ár.

Það verður ekki hjá því komist að nefna COVID 19 hér á þessum fundi, enda hefur farsóttin haft veruleg áhrif á daglegt líf okkar allra, líf og heilsu fólks, efnahagslífið og þar með markaði. Lífeyrissjóðir hafa ekki farið varhluta af því ástandi sem hefur skapast og miklar sveiflur hafa einkennt þróun eignaverðs. Eftir skarpa dýfu hafa markaðir þó komið að einhverju leiti til baka og okkar sjóður hefur staðið þessar fordæmalausu aðstæður vel af sér. Óvissan er hins vegar enn uppi og ekki ljóst hvenær COVID19 og efnahagsleg áhrif sem fylgja verður að fullu lokið. Í ljósi þeirrar óvissu og svo aftur þeim áskorunum sem lækkandi vaxtastig setur sjóðnum okkar hefur stjórn ákveðið að leggja ekki til hækjun réttinda að svo stöddu þó vissulega sé staða sjóðsins afar góð. Á tínum sem þessum er mikilvægt að sýna fyrirhyggju, stíga varlega til jarðar og hafa bæði belti og axlabönd þegar lífeyrir okkar allra er annars vegar.

Hér á eftir mun Hjörleifur Arnar Waagfjörð, forstöðumaður Eignastýringar fara nánar yfir ávöxtun sjóðsins og fjárfestingarstefnu og Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins, mun fjalla um niðurstöður úr tryggingafræðilegi úttekt sinni á sjóðnum.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam tuttugu og fimm milljörðum eitt hundrað og fimm milljónum sexhundruð og tuttugu þúsund króna í árslok 2019. Á árinu hækkaði hún um 5,7% sem er ánægjulegt að sjá hjá sjóði eins og okkar þar sem lífeyrisgreiðslur eru hærri en iðgjöld.

Iðgjöld til sjóðsins á árinu voru 18 milljónir króna vegna 19 greiðandi sjóðfélaga, en iðgjöld til sjóðsins voru 20 milljónir árið áður og hafa þau því lækkað um 10%. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga var 2 færri en á árinu á undan en eins og kunnugt er þá er sjóðurinn lokaður fyrir nýjum greiðendum.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 1.294 milljónum króna sem er um 3% hækjun frá fyrra ári. Í árslok voru lífeyrisþegar 362. Meðalfjöldi þeirra sem þáði lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum á árinu var 351.

Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri sjóðsins, mun hér á eftir kynna helstu niðurstöður ársreiknings sjóðsins.

Á síðasta ársfundi varð sú breyting á stjórn sjóðsins að í stað Láru Jóhannsdóttur tók sæti í stjórn Brynja Þorbjörnsdóttir sem setið hafði sem varmaður áður. Lára tók á móti sæti í varastjórn sjóðsins. Stjórn sjóðsins skipuðu því, auk þess sem hér stendur og tók að sér stjórnarformennsku, Tryggi E. Geirsson endurskoðandi og Brynja Þorbjörnsdóttir viðskiptafræðingur, MBA. Varastjórn skipuðu Lára Jóhannsdóttir, Anna María Bragadóttir og Árni Emilsson. Í endurskoðunarnefnd sjóðsins sátu Tryggi E. Geirsson, formaður, Brynja Þorbjörnsdóttir og Pórunn Kristinsdóttir.

Hann taldi horfur sjóðsins fyrir yfirstandandi ár væru góðar þrátt fyrir þá fordæmalausu atburði sem við höfum öll staðið frammi fyrir. Staða sjóðsins er sterk og framtíð sjóðsins er á heildina litið björt.

Jóhannes þakkaði góð samskipti við sjóðfélaga frá síðasta ársfundi og ennfremur þakkaði hann a meðstjórnendum ánægjulegt samstarf. Þá þakkaði hann framkvæmdastjóra sjóðsins, starfmönnum eignastýringar Arion banka og þeim sem koma með einum eða öðrum hætti að starfsemi sjóðsins fyrir gott samstarf og fagleg vinnubrögð.

Fundarstjóri lagði til að umræða um skýrslu stjórnar yrði tekin fyrir samhliða umræðum um ársreikning sjóðsins. Einnig óskaði fundarstjóri eftir því að umfjöllun um fjárfestingarstefnu sjóðsins yrði samhliða yfirferð ársreiknings. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

## 2. Kynning á ársreikningi

Snædís Ögn Flosadóttir framkvæmdastjóri LSBÍ fór yfir lykilatriði í ársreikningi LSBÍ 2019. Hún fór yfir breytingu á hreinni eign 2019, þróun iðgjálfa og lífeyrisgreiðslina, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Iðgjöld hækkuðu um 12,2% frá árinu 2018 til 2019. Lífeyrisgreiðslur jukust um 3,1%, hreinar fjárfestingartekjur hækkuðu um 28,2%. Rekstrarkostnaður jókst um 5,9%. Breyting á hreinni eign frá 2018 til 2019 hækkaði um 5,7% sem má rekja meðal annars til góðrar ávöxtunar á árinu.

Snædís fór yfir helstu skýringar og kennitölur í ársreikningnum. Farið var yfir þróun tryggingafræðilegrar stöðu LSBÍ síðustu 10 árin, LSBÍ er nú með bestu tryggingafræðilega stöðu af öllum lífeyrissjóðum í landinu. Snædís fór yfir skýringu 3.1, 5.1, 8 og skýringu 8.2. Snædís fór sérstaklega yfir skýringu varðandi rekstrarkostnað, sem hækkar á milli ára en hlutfall kostnaðar breytist lítið þar sem sjóðurinn er einnig að

stækka. Snædís fór að lokum sérstaklega yfir áhættuskýringar og sviðsmynd vegna covid ástands en þar er sett fram sviðsmynd sem nær yfir stöðu markaða eins og hún var einna verst í mars mánuði og áhrif þess á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins skoðuð. Ávöxtun 2019 var 8,4% á raun, síðustu 5 árin var ávöxtunin 6,8% og 10 árin 6,7%.

Snædís fór yfir það hvernig er hægt að finna heimasíðu sjóðsins á fljótan máta, þar vakti hún athygli á grein sem sett var inn í byrjun júní 2020 um sérhæfar fjárfestingar LSBÍ. Þar er dregin saman árangur þeirra fjárfestinga sem lokið hafa sínum líftíma og er ánaægjulegt að segja frá því að heilt yfir er sá árangur afar góður. Þar eru jú alltaf ein og sem gengur illa en það eru þó fleiri sem ganga vel og mjög vel.

### **3. Gerð grein fyrir fjárfestingastefnu sjóðsins**

Hjörleifur Arnar Waagfjörð fór yfir ávöxtun og eignastýringu á árinu 2019. Hann sagði fyrst frá væntingunum sem eignastýring hafði til ársins 2019, fór yfir þróun markaða og helstu niðurstöður ársins. Nafnávöxtun LSBÍ 2019 var 11,3% og raun var 8,4%. Hjörleifur fór yfir ávöxtun niðurbrotin á eignaflokka, innlend skuldabréf gáfu mestan hlut ávöxtunarinnar eða um 6%. Einnig var farið yfir sundurbrot ávöxtunar síðustu 5 og 10 árin. Meðalraunávöxtun sl. 23 ára var 6,5%.

Hjörleifur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins miða við 31. desember 2019 í samanburði við eignasamsetningu 31. desember 2018. Helsta breytingin sem gerð var á árinu 2019, í samræmi við áherslur fjárfestingastefnu, sneri að lítillegri aukningu erlendra eigna á kostnað inlendra og tilfærslu innan skuldabréfasafni sjóðsins, áherslan á varfærna stefnu er óbreytt en mikilvægt er að stíga ölduna og horfa til tækifæra á markaði í lækkandi vaxtauhverfi. Hjörleifur fór yfir sundurliðun innlendra skuldabréfa og innlendra hlutabréfa. Að lokum var farið yfir ávöxtun sjóðsins það sem af er 2020, hún var m.v. 23. júní 2020 7,8%.

### **4. Gerð grein fyrir fjárfestingastefnu sjóðsins**

Hjörleifur fór yfir fjárfestingastefnu 2020, hann fór áherslubreytingar milli ára. Hjörleifur sagði að hlutfall erlendra fjárfestinga hafi verið aukið, sérhæfðar erlendar fjárfestingar komu inn í fjárfestingamengið. Óskráðar innlendar fjárfestingar vega nú minna. Hjörleifur sagði að aukin áhersla hefði verið settá skuldabréf traustra fyrirtækja og veðskuldabréf. Vikmörk voru aðlöguð í samræmi við áherslubreytingar.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir.

**Erla Þorsteinsdóttir**, veit að þið hafið gert vel á árinu 2019 og við erum öll hrædd við árið 2020 en það er ekkert lélegt að fjárfesta í íbúðum í dag, og að kaupa orlofsíbúð á Akureyri og eða í Reykjavík fyrir okkur sjóðfélagana, væri mjög vel þegið.

**Snaðís Ögn Flosadóttir framkvæmdastjóri** svaraði, ég skil þessa hugmynd sem er ljómandi góð, það er hins vegar frekar á borði stéttarfélaga að halda utan um útleigustarfsemi. En við tökum að sjálfsögðu hugmyndina til skoðunar.

**Erla Þorsteinsdóttir**, ég er bara að tala um að hver borgar fyrir sína viku.

*Ársreikningur LSBÍ 2019 lagður til samþykktar, hann var samþykktur samhljóða.*

##### **5. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt**

**Bjarni Guðmundsson** gerði grein fyrir niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar m.v. 31.12.2019. Bjarni sagði að í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfssemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignalda og skuldbindinga. Mat á skuldbindingum byggir á upplýsingum um réttindi sjóðfélaga úr réttindabókhaldi sjóðsins sem sjóðurinn lét í té. Við mat eignalda er einnig stuðst við upplýsingar fengnar úr ársreikningi og fjárhagsbókhaldi sjóðsins. Reikniforsendur eru óbreyttar frá síðustu athugun. Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athugunina eru ávöxtun eigna sjóðsins verði 3,5% árlega umfram hækkan verðlags. Lífslíkur sjóðfélaga og réthafa : samkvæmt íslenskri reynslu 2007-2011, að viðbættri áætlun um lækkun dánartíðni á komandi árum í samræmi við áætlun Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá 1.mars 2015. Örorkulíkur sjóðfélaga, eru 60% af reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 1998-2002.

Bjarni talaði um að það væru sérstakar reglur um rekstrarkostnað, það er mismunandi hvaða hlutfall við erum að fá úr þessu. Í ár skiptir þetta sköpun, þá er staðan öðru megin við vikmörkin en miðað við útreikning frá FME þá kemur hún út undir 10%, en það sem ræður er reglugerðin sem fjármálaráðuneytið gefur út þá er hún 9,8% þetta hefur töluverð áhrif sagði Bjarni.

Staða sjóðsins batnar verulega frá lokum síðasta árs 2018, en þá voru eignir sjóðsins taldar 5,7% umfram skuldbindingar. Veldur þar að mestu að ávöxtun sjóðsins á liðnu ári sem var verulega umfram viðmið



tryggingafræðilegra athugana og einnig hækkuðu skuldbindingar heldur minna en búast hefði mátt við.  
Reiknuð raunávöxtun miðað við endurmetna eign er 6,3%.

**Erla Þorsteinsdóttir**, spyr hvað eru margir að greiða inn í sjóðinn í dag ?

**Snædís Ögn Flosadóttir** svaraði og sagði að nú væru 460 sjóðfélagar í LSBÍ, 349 fá lífeyri og greiðendur voru 13.

**Erla Þorsteinsdóttir**, spyr hver er meðalaldur sjóðfélaga í sjóðnum?

**Bjarni Guðmundsson** sagði að meðalaldur þeirra sem fara á örorku er 59,3 ára, þeir sem fá makalífeyri er með meðalaldur 79,4 og greiðendur er með meðalaldurinn 57,49 ár.

## **6. Kjör endurskoðanda**

Stjórn gerði tillögu um að núverandi endurskoðendur sjóðsins, Íslenskir endurskoðendur ehf.

Sveinbjörns Óskarssonar, löggiltur endurskoðandi sjái áfram um endurskoðun sjóðsins fyrir næsta starfsár.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

## **7. Tillaga stjórnar til samþykktabreytinga**

Engar samþykktabreytingar voru að þessu sinni lagðar fyrir ársfund.

## **8. Laun stjórnarmanna**

Stjórn gerir tillögu um eftirfarandi stjórnarlaun:

Aðalmenn: 125.000 á mánuði

Formaður: 214.000 á mánuði / óbreytt laun frá árinu 2019.

Varamenn: 53.500 fyrir hvern setinn fund

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

## **9. Önnur mál.**

Sigurður Kristjánsson fundarstjóri var beðinn um að koma því á framfæri að einn varamaður sjóðsins hafi óskað eftir því að láta af störfum. Um var að ræða Önnu Maríu Bragadóttur og þakkar stjórn henni samfylgdina í gegn um árin. Ársæll Hafsteinsson hefur boðið sig fram til að taka hennar sæti næsta starfsár



og svo yrði hefðbundið stjórnarkjör á næsta ársfundi sjóðsins. Formsins vegna er að sjálfsögðu boðið upp á það að sjóðfélagar í salnum geti boðið sig fram þó fyrirvarinn sé afar stuttur. Eru einhver önnur framboð? Engin önnur framboð komu fram, Ársæll var því rétt kjörinn í varastjórn fram að næsta ársfundi.

Árni tók til máls, þingmenn sammála um það að við erum að lifa á óvenjulegum tínum, það var það eina sem þeir sögðu satt. Mér datt það í hug með lífeyrissjóðina okkar Jón Hreggviðsson voru leiguliði, hvorugur skuldaði hinum, mér er alveg sama hvort ég er sekur eða saklaus, látið bátinn minn í friði. Lífeyrissjóðurinn er okkar bátur, hann skiptir okkur máli. Ég ætla að ekki að tala um hvernig á að reka lífeyrissjóði, þau geta reiknað frá páskum til jóla. En það er þetta sem sagði að við lifum óvenjulegum tíma, við vissum ekki að Búnaðarbankinn myndi hverfa, við komum þessum banka á kné. Það er ánægjulegt hvernig þessi banki hefur gert vel við okkur, við mætum hér á hverju ári. En ástandið er skriftið því við vitum ekki hver á þennan banka, þetta er eins og Bjarni Guðmundsson blaðamaður orðaði það þegar að hann hitti Tómas Guðmundsson, nú drekkum við ekki lengur og með alls konar konur, það er ekki vegna brennivínsins eða kvenmanns eklu, því það er búið að rífa húsið.

Fleira var ekki tekið fyrir þar sem dagskrá fundarins var tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara. Þá sagði fundarstjóri fundi formlega slitið kl. 18:38

Reykjavík, 25. júní 2020



Sigurður Kristjánsson fundarstjóri

Unnur Elín Jónsdóttir ritari

